

Ed.

683. Frumvarp til laga

[247. mál]

um Rafmagnseftirlit ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 503 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins skal fjár aflað á eftirfarandi hátt:

1. Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald allt að 1.2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádrögnum andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun.
2. Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiddast kostnaður þess.
3. Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem af innfluttum rafföngum og hlutum greiðist af tollverði viðkomandi vöru en af innlendri framleiðslu af verksmiðjuverði vörunnar. Má gjald þetta nema allt að $\frac{3}{4}$ % af viðkomandi verði.
4. Sérstök prófunar- og skrásetningargjöld af slíkum eftirlitsskyldum rafföngum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjöld þessi. Heimil er stöðvun á rekstri og notkun virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.